



Það getur tekið á að hoppa í stærsta hoppukastala heims líkt og sjá má á mæðusvip barnsins sem hvíldi sig á toppi kastalans í gær. Hoppukastalinn sem ber heitið Skrímslið er staðsettur við Perluna í Öskjuhlóinni í Reykjavík og er rúmur sautján hundruð fermetrar að stærð. Hoppukastalinn verður opinn alla daga í ágúst ef veðurguðirnir verða örlátir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mikil vandræði við útgreiðslu

47 prósent þeirra fyrirtækja sem áttu von á útgreiðslu andvirðis Ferðagjafar ríkisins um mánaðamótin fengu ekki greitt því að bankaupplýsingar vantaði. Ósáttur eigandi veitingahúss segir ferlið illa unnið.

FERÐAÞJÓNUSTA Mikil vandræði hafa verið við útgreiðslu andvirðis Ferðagjafarinnar til einstaklinga og fyrirtækja sem tóku þátt í átaksverkefni stjórnvalda. Alls áttu 668 aðilar von á greiðslu frá Fjársýslu ríkisins í byrjun mánaðarins. Svo fór að 355 aðilar fengu greiddar út alls um 137 milljónir króna en 313 þátttakendur þurftu að bíta í það súra epli að fá ekki greitt eins og þeim bar. Í svari frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu segir að ástæðan sé sú að stór hluti þátttakenda hafi ekki skráð inn bankaupplýsingar.

„Unnið er að því að fá bankaupplýsingar frá fyrirtækjum og einstaklingum og hafa nú borist

Ég hef tekið við um 150 Ferðagjöfum á mínum veitingastað enda bauð ég 2.000 krónur til viðbótar hverri gjöf.

Björn Baldursson, veitingamaður á Selfossi



upplýsingar frá 181 aðila sem mun fá greitt samtals 43.302.961 krónu í upphafi næstu viku,” segir Guðrún Gísladóttir, skrifstofustjóri fjárlaga, rekstrar og innri þjónustu hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Einn þeirra sem fengu ekki greitt er Björn Baldursson, eigandi Surf & Turf á Selfossi. „Ég hef tekið við um 150 Ferðagjöfum á mínum veitingastað enda bauð ég 2.000 krónur til viðbótar hverri gjöf,” segir Björn. Hann hafi búist við um hálfri milljón um mánaðamótin og sé verulega ósáttur við að það dragist. „Þeir sem standa að þessu halda því fram að ég hafi ekki skilað inn bankaupp-

lýsingum en það er einfaldlega lygi. Það segir sig sjálf að þegar svona stór hluti á að hafa gleymt að skrá inn upplýsingarnar þá er eitthvað í ólagi. Þetta er að mínu mati illa unnið,” segir Björn.

Ari Steinarsson, framkvæmdastjóri Yay ehf. sem hannaði og rekur Ferðagjafarappið, segir að fyrirtækið muni læra af reynslunni. „Eitt af því sem við höfum getað gert betur var að setja kerfið þannig upp að fyrirtæki geti ekki skráð sig í kerfið án þess að gefa upp þessar upplýsingar. En það var lagt upp með frá byrjun að gera skráninguna fyrir fyrirtækin sem einfaldasta, svo þess vegna er þetta svona,” segir Ari. – bp

Lofuðu að borga en urðu gjaldþrota

STJÓRNSÝSLA Capacent varð við ósk Þingvallanefndar um að fella niður helminginn af 1,5 milljóna reikningi vegna umdeildrar þjónustu vegna ráðningar þjóðgarðsvarðar. Fyrirtækið varð gjaldþrota áður en tókst að ljúka málinu en þjóðgarðurinn hefur gert kröfu í þrotabú fyrirtækisins. Formaður Þingvallanefndar segir að peningarnir myndu koma sér vel fyrir þjóðgarðinn sem glímur við fjárhagserfiðleika í kjölfar COVID-19.

Málið sem um ræðir er mál Ólínu Þorvarðardóttur, fyrrverandi alþingismanns, sem fékk 20 milljónir króna í bætur frá ríkinu eftir að kæruférféð jafnréttismála komst að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið á Ólínu er gengið var fram hjá henni við ráðningu þjóðgarðsvarðar. – gar / sjá síðu 4

Nýr Škoda Superb iV

Rafmagn & bensín


Verð frá 5.190.000 kr.



hekla.is/skodasalur · Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · HEKLA



Veður



Vestlæg eða breytileg átt 3-10 m/s í dag, en suðvestan 10-15 með suðausturströndinni. Væta með köflum en styttrir upp á Austfjörðum síðdegis. Hiti 8 til 14 stig.

SJÁ SÍÐU 18



Sigur Rós. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigur Rós með CBD-olíulínu

SAMFÉLAG Hljómsveitin Sigur Rós er komin með sína eigin línu af CBD-kannabisolíum í samstarfi við fyrirtækið Vona. Vona starfar í Massachusettsfylki í Bandaríkjunum.

CBD hefur mikið verið til umræðu hérlandis enda er Ísland meðal færra vestrænna ríkja þar sem lagalegur vafi leikur á um lögmæti efnisins og Lyfjastofnun hefur lagst gegn innflutningi.

Þetta er opinn vettvangur fyrir tilraunastarfsemi og upp-götvanir, og því meira sem þú blandar saman þeim mun betri niðurstöðu munt þú sennilega fá.

Jónsi

Um er að ræða tvær týpur, Svefn til hvíldar og Vöku til daglegra athafna. „Þetta er eins og gullgerðarlist,“ sagði forsprakki Jón Þór Birgisson, eða Jónsi, í tilkynningu og líkti ilminum við tónlist. „Þetta er opinn vettvangur fyrir tilraunastarfsemi og upp-götvanir, og því meira sem þú blandar saman þeim mun betri niðurstöðu munt þú sennilega fá.“

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Sigur Rós setur nafn sitt við kannabistengdar vörur. Árið 2017 var hljómsveitin í samstarfi við Lord Jones með kannabissælgætið Wild Sigurberry, hlaup með ýmsu berjabragði, unnið úr THC og CBD og því ekki löglegt á Íslandi. – khg

Þolinmæði þrautir vinnur allar



Þessir ferðamenn frá Tékklandi höfðu pantað sér bílaleigubíl við komuna til landsins en vegna misskilnings fengu þeir bílinn degi seinna en ætlað var. Þau létu það ekki stoppa sig og nutu fyrsta dagsins á landinu þrátt fyrir misskilninginn. Fyrstu nóttinni í Íslandsheimsókninni eyddu þau í tjaldi sem þau slógu upp úti á Granda. Þar biðu þau þolinmóð eftir bílnum og nutu útsýnisins yfir hafið og fjöllin í rigningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Hlutfallið var svipað eftir hrúnið.

Fleiri hvorki í vinnu né skóla

SAMFÉLAG Milli árána 2017 og 2018 jókst hlutfall ungmenna á aldrinum 16 til 19 ára sem hvorki voru starfandi né í námi. Þetta kemur fram í nýrri samantekt Hagstofunnar og er hluti svonefndrar tilraunatölfræði stofnunarinnar.

Mest var aukningin á meðal 19 ára ungmenna, eða úr 8,1 prósent árið 2017 í 10,8 prósent árið 2018. Leita þarf aftur til ársins 2009 til þess að finna viðlíka hlutfall ungmenna á þessum aldri sem hvorki var starfandi né í námi en þá átti það við um 11,7 prósent í þessum aldurshópi. – jp

Ætla að minnast góðu stundanna með hlýju

Ættingjar og vinir þeirra sex sem létust í flugslysini í Skerjafirði fyrir tuttugu árum standa fyrir virðingarathöfn í dag. Markmiðið er að minnast fórnarlambanna með hlýju og rifja upp góðar minningar í stað þess að fella tár.

SAMFÉLAG Í dag eru tuttugu ár liðin síðan eitt mannskæðasta flugslys Íslandssögunnar skók samfélagið. Slysið atvikaðist þannig að lítil flugvél, með fimm farþega innanborðs auk flugmanns, skall í sjóinn í grennd við Reykjavíkflugvöll en vélin var að flytja gesti Þjóðhátíðar í Eyjum til síns heima.

Flugmaðurinn og tveir farþegar létust samstundis eða skömmu eftir slysið en hinir þrír farþegarnir létust síðar af sárum sínum. Hin látnu hétu Mohamed Jósef Daghlás, sem flaug vélinni, Jón Börkur Jónsson, Gunnar Viðar Arnason, Karl Friðmann Ólafsson, Heiða Björk Viðarsdóttir og Sturla Þór Friðriksson.

Slysið hafði mikil áhrif og varð til þess að augu margra opnuðust um nauðsyn úrbóta varðandi flugöryggi hérlandis.

Í tilefni af tímamótunum hyggjast aðstandendur og vinir hinna látnu standa fyrir viðburði við minnisvarðann um slysið í Skerjafirði þar sem hinna látnu verður minnst.

„Við viljum kalla þetta virðingarathöfn og markmiðið er minnast með hlýju allra þeirra góðu stunda sem við fengum að njóta með fólkinu okkar í stað þess að syrgja þá staðreynd að þær voru allt of fáar. Þeir sem féllu frá þennan dag snertu hjörtu margra og með þessum viðburði viljum við sýna í verki að við gleymum þeim aldrei,“ segir útvarpsmaðurinn Heiðar Austmann, einn af skipuleggjendum viðburðarins.

Heiðar segir að slysið hafi verið sér gríðarlegt áfall enda missti hann sinn besta vin, Gunnar Viðar, þennan dag. Vinirnir höfðu verið að skemmta sér á Þjóðhátíð og áttu



Flugvélin skall í sjóinn í grennd við Reykjavíkflugvöll árið 2000. MYND/ÞÓK

Þá fann ég bara strax innra með mér að vinur minn var farinn.

Heiðar Austmann

pantað í sama flug heim. Gunnar Viðar var hins vegar of seinn upp á flugvöll og svo fór að Heiðar fór án vinar síns. „Ég flaug í þessari sömu flugvél og Mohamed flaug henni einnig,“ segir Heiðar.

Í ferðinni sem hann fór í var lent á flugvöllinum á Selfossi en næsta ferð vélarinnar átti að enda í Reykjavík. „Ég er síðan á leið í bíl í bæinn þegar pabbi hringir í mig í ofboði. Hann er ofboðslega feginn að ég svara og segir mér frá slysinu sem fréttir voru farnar að berast af. Þá fann ég bara strax innra með mér að vinur minn var farinn.“

Að sögn Heiðars hafi lífið fram að því verið áhyggjulaus skemmtun en allt hafi breyst eftir þennan örlagadag. „Ég segir oft að þetta hafi verið dagurinn þar sem ég fullorðnaðist og áttaði mig á alvöru lífsins.“ bjornth@frettabladid.is

Manic Panic

hárlitirnir fást hjá okkur

sendum um allt land





Hokus Pokus

www.hokuspokus.is

Verslun og vefverslun

Laugavegi 69 S. 551-7955

**NÝR SBARRO STAÐUR
OPNUM Í KVIKK VERSLUN
ORKUNNAR VIÐ SMÁRALIND**

Kvikk
ON THE GO

ORKAN

.....

FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ

17" NEW YORK PIZZUR AF MATSEÐLI 1990 KR

**NEW YORK SNEIÐ AÐ EIGIN VALI
OG GOSGLAS Á 690 KR**

.....



SBARRO
NEW YORK PIZZA®

Sími 5.14.14.14 www.sbarro.is



Afkastageta sýkla- og veirufraeðideildar Landspítala er í hámarki

COVID-19 Einstaklingar með virkt COVID-19 smit hér á landi voru 97 í gær og 795 voru í sóttkví. Enginn var inniliggjandi á sjúkrahúsi. Tekin hafa verið yfir 76 þúsund sýni innanlands og rúm 73 þúsund á landamærunum.

Afkastageta sýkla- og veirufraeðideildar Landspítala er í hámarki og því mun Íslensk erfðagreining létta undir með deildinni þar til afkasta-

geta hennar eykst. Þetta kom fram á upplýsingafundi almannavarna í gær.

Á fundinum kom einnig fram að smit í samfélaginu sé ekki mjög útbreitt. Íslensk erfðagreining hefur nú skimað 4.400 manns og einungis hafa greinst fimm tilvik COVID-19 í þeim hópi. Þórolfur Guðnason sóttvarnalæknir segir því ekki ástæðu til að herða aðgerðir.

» Flest nýrra COVID-19 tilfella eru hjá ungu fólki.

Alma Möller landlæknir sagði á fundinum í gær að flest nýrra COVID-19 tilfella væru hjá ungu fólki. Þá hvatti hún kennara, forráðamenn og aðra sem eru í sam-

skiptum við ungt fólk til að aðstoða við að miðla fræðslu og ráðgjöf.

Anna Birna Jensdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunarheimilisins Sóltúns, segir helsta verkefni hjúkrunarheimilanna vegna COVID-19 vera að takmarka umferð þar sem hætta er á að ættingjar og vinir íbúa, sem og starfsfólk hjúkrunarheimilanna, komi með smit inn á heimilin.

Því hafi verklagi á hjúkrunarheimilum verið breytt og á þeim flestum hafi heimsóknir verið takmarkaðar, lagt er upp með að einungis einn komi í heimsókn á dag.

Anna ítrekar að fólk sem á að vera í sóttkví eða einangrun, eða hafi verið í útlöndum komi ekki inn á heimilin fyrr en fjórtán dögum eftir heimkomu og virði reglur um heimsóknir. – bđj

73 þúsund farþegar hjá Icelandair í júlí

FERÐAÞJÓNUSTA Heildarþjöldi farþega hjá Icelandair var 73.200 í júlímánuði samanborið við 18.500 í júnímánuði. Farþegaflug jókst mikið eftir að ferðatakmörkunum í Evrópu var aflétt um miðjan júní.

Þó að farþegaflutningar hafi tekið við sér í júlímánuði voru þeir aðeins brot af því sem þeir voru í sama mánuði í fyrra. Dróst fjöldi farþega saman um 87 prósent.

Farþegar hjá Air Iceland Connect voru tæplega 15 þúsund í júlímánuði og fækkaði um 48 prósent á milli ára.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group, segir að félagið hafi lagt höfuðáherslu á að viðhalda sveigjanleika til að takast á við áframhaldandi óvissu og geta brugðist hratt við breytingum á mörkuðum í því ástandi sem nú ríkir. – eps

Taprekstur hjá Torgi í fyrra

FJÖLMIDLAR Torg ehf. tapaði 212 milljónum króna árið 2019 og EBITDA-afkoma félagsins var neikvæð um 59 milljónir króna.

Afskriftir námu 138 milljónum króna. Kostnaður vegna sameiningar fyrirtækja var allur færður til gjalda á árinu og hafði neikvæð áhrif á afkomu félagsins.

Rekstrartekjur Torgs í fyrra námu 2,3 milljörðum króna og höfðu dregist saman um 10 prósent frá árinu áður.

Meðal miðla í eigu Torgs á síðastliðnu rekstrarári eru Fréttablaðið, sjónvarpsstöðin Hringbraut, fréttablaðið.is og hringbraut.is. Í vor bættust svo við DV, dv.is, eyjan.is, pressan.is, 433.is og fleiri vefmiðlar. Á liðnu rekstrarári keypti félagið eigin prentvél sem annast prentun Fréttablaðsins og DV. Hjá Torgi starfa um 100 manns.

Lofaði að endurgreiða helming af ráðgjöfinni en fór á hausinn

Capacent varð við ósk Þingvallanefndar um að fella niður helminginn af 1,5 milljóna króna reikningi vegna umdeildrar þjónustu vegna ráðningar þjóðgarðsvarðar. Fyrirtækið varð gjaldþrota áður en tókst að ljúka málinu. Samningi um sjúkraflutningamann var sagt upp vegna fjárhagsvanda þjóðgarðsins.

STJÓRNSÝSLA Samkvæmt ósk þjóðgarðsins á Þingvöllum féllst Capacent á að endurgreiða helming af reikningi fyrir ráðgjöf við ráðningu þjóðgarðsvarðar á árinu 2017.

„Gjaldið var ein og hálf milljón fyrir veitta þjónustu sem flestir vita að við vorum ákaflega ósátt við. Við töldum að ráðgjöf og utnumhald Capacent hefði verið ófullnægjandi og að það lægi til grundvallar úrskurði kæruneftndar jafnréttismála,“ segir Ari Trausti Guðmundsson, formaður Þingvallanefndar.

Ari vísar þar til máls Ólínú Þorvarðardóttur, fyrrverandi alþingismanns Samfylkingar með meiru, sem fékk 20 milljónir króna í bæt看 frá ríkinu eftir að kæruneftnd jafnréttismála komst að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið á Ólínú er gengið var fram hjá henni við ráðningu þjóðgarðsvarðar.

Að sögn Ara sneri úrskurður kæruneftndarinnar að svokölluðum huglægum matsþætti sem nefndin hafi talið verið skráðan á ófullnægjandi hátt í ráðningarferlinu. „Við í meirihluta Þingvallanefndar vildum meina að Capacent hefði átt að sjá til þess að huglæga matið væri rétt frá gengið og þá rekjanlegt ef kæmi til eftirmála. Af einhverjum orsökum misförst það á þennan máta að kæruneftndin taldi sig ekki geta rakið það hvernig okkar huglæga mat var á umsækjendum,“ útskýrir hann.

Ari segir að á fundi með fulltrúum Capacent hafi verið sett fram sú ósk Þingvallanefndar að helmingur reikningsins frá fyrirtækinu yrði endurgreiddur. „Eftir nokkurn tíma fengum við svo bréf frá framkvæmdastjóranum um að



Tekjur þjóðgarðsins á Þingvöllum hafa hrapað samhliða snarminnkandi aðsókn ferðamanna. FRÉTTABLAÐID/ANTON

Eftir nokkurn tíma fengum við svo bréf frá framkvæmdastjóranum um að þeir samþykktu að greiða þetta til baka – án þess að viðurkenna í því bréfi að þeir hefðu gert eitthvað rangt.

Ari Trausti Guðmundsson, formaður Þingvallanefndar



þeir samþykktu að greiða þetta til baka – án þess að viðurkenna í því bréfi að þeir hefðu gert eitthvað rangt,“ rekur Ari.

Capacent varð hins vegar gjaldþrota áður en gengið var frá málinu. Ari kveður þjóðgarðinn gera kröfu upp á 750 þúsund krónur í þrotabú fyrirtækisins. Þeir peningar kæmu sér vel fyrir þjóðgarðinn sem glímur nú við mikla fjárhagserfiðleika því innkoman þar byggir að langmestu leyti á sértekjum sem hafa verið hverfandi á COVID-tímanum. Einhverjir fjármunir hafa fengist frá ríkinu vegna þessa en þeir duga ekki til, að sögn formanns Þingvallanefndar.

Meðal sparnaðarráðstafana hjá

þjóðgarðinum var að segja upp samningi við Heilbrigðisstofnun Suðurlands um viðveru sjúkraflutningamanns. Ari segir þessum samningi hafa verið komið á vegna fjölmennis á Þingvöllum annars vegar og köfunarinnar í Silfru hins vegar.

„Þetta var eitt af því fyrsta sem við urðum að láta fara enda aðsóknin allt önnur en venjulega – þótt aðsóknin í Silfru hafi reyndar verið meiri en við höldum því Íslendingarnir hafa verið að láta sjá sig meira en áður. Við munum auðvitað taka upp þennan samning aftur um leið og við getum,“ segir formaður Þingvallanefndar. gar@frettabladid.is

Skiptinimum fækkar mikið og sumir samstarfsskólar loka alveg fyrir ferðir

MENNTAMÁL Skiptinemar á framhaldsskóla- og háskólastigi verða langtum færri í haust en í venjulegu árferði. Á það bæði við um nema sem koma hingað til lands og íslenska nema sem fara til útlanda. Sumir skólar erlendis hafa einfaldlega lokað fyrir allt skiptináms meðan á faraldrinum stendur.

Fríðrika Þóra Harðardóttir, forstöðumaður Skrifstofu alþjóðasamskipta hjá Háskóla Íslands, segir að skólinn eigi von á um 200 erlendum skiptinimum en ekki sé víst hvort þeir skili sér allir. Sumir eru þó þegar komnir og byrjaðir að undirbúa haustið. Þetta er helmingsfækkun því í venjulegu árferði eru í kringum 400 skiptinemar við skólann. Þá er einnig umtalsverð fækkun erlendra nemenda sem koma á eigin vegum.

„Sumir af okkar samstarfsskólum erlendis stöðvuðu allt skiptinámið

Við frestuðum öllu sem við gátum frestað en það er gott að starfsemin leggist ekki alveg niður, Öryggi nemenda er alltaf númer eitt tvö og þrjú.

Sólveig Ása Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri AFS



alfarið,“ segir Fríðrika. „Síðan eru einnig nemendur sem voru búnir að skipuleggja skiptináms en treystu sér síðan ekki til að ferðast.“ Sömu sögu er að segja af íslenskum nemum, sumir gátu ekki farið og aðrir hættu við að fara, sérstaklega utan Evrópu.

Nýlega var greint frá því að sennilega yrði kennslan í Háskóla Íslands fjarkennsla, að einhverju leyti hið minnsta. Fríðrika segir ekki ljóst hvaða áhrif það hafi á skiptinámið. „Þegar við þurfum að skipta yfir í fjarkennslu í vor voru samt margir skiptinemar sem ákváðu að vera áfram á landinu og klára önnina,“ segir hún.

Hið sama á við um yngri skiptinema sem AFS sjá um. Sólveig Ása Tryggvadóttir framkvæmdastjóri segir að tekið verði á móti 15 nemum í haust, en vanalega séu þeir á fjórða tug. Tólf íslenskir nemar fara utan. „Við frestuðum öllu sem við gátum frestað en það er gott að starfsemin leggist ekki alveg niður,“ segir Sólveig. Aðeins sé sent til Evrópu en vanalega eru Bandaríkin og Suður-Ameríka vinsæl. „Öryggi nemenda er alltaf númer eitt tvö og þrjú.“ – khg



LYFSALINN

BÍLAAPÓTEK

VIÐ VESTURLANDSVEG

Renndu við og fáðu lyfin afgreidd beint í bílinn

OPIÐ
10.00-22.00

www.lyfsalinn.is

alla daga

VIÐ ELSKUM AÐ
GRILLA



20%
afsláttur



Kjúklingabringur

2.039 kr/kg

Verð áður 2.549 kr/kg



Íslandssósar eru frábærar með helgarsteikinni

549 kr/stk



30%
afsláttur

Kjúklingaleggir

699 kr/kg

Verð áður 999 kr/kg



15%
afsláttur

Smash Style hamborgarar
2 x 140 g

594 kr/pk

Verð áður 699 kr/pk



15%
afsláttur

Lamba prime

3.484 kr/kg

Verð áður 4.099 kr/kg



Fumagalli & Ítalíu álegg
Ómissandi í brönsinn

verð frá 659 kr/stk



10%
afsláttur

Ketó pizza 2 tegundir

1.259 kr/pk

Verð áður 1.399 kr/pk



7up Free 2l

199 kr/stk



Margir saman að versla?

Við hvetjum viðskiptavini að fjölmenna ekki í verslanir og að heimili sendi (ef mögulegt er) aðeins einn aðila til að sjá um innkaupin.

HAGKAUP

Lögreglan fengi ekki aðgang að upplýsingum án dómsúrskurðar

COVID-19 Lögreglan hefur ekki beinan aðgang að þeim persónuupplýsingum sem ferðamenn skila inn á eyðublaðum við komu til landsins og geta því ekki stuðst við þær í rannsóknum sínum á sakamálum eða í neinum öðrum tilgangi en þeim sem tengist smitrakningu. Embætti landlæknis hefur eitt aðgang að upplýsingunum nema þegar smit greinist hjá einstaklingi við landamæraskimun en þá fær smitrakningarteymið einnig aðgang að upplýsingum um viðkomandi.

Víða í Evrópu hefur skapast nokkur umræða um söfnun persónuupplýsinga í þeim tilgangi að koma í veg fyrir útbreiðslu kórónaveirunnar og möguleika lögreglunnar til að nota upplýsingarnar í öðrum tilgangi. Greint hefur verið frá því að í einhverjum tilfellum hafi lögreglan sóst eftir þessum upplýsingum í öðrum tilgangi, til dæmis í leit að vitnum og síðast í Ítalíu til að hafa upp á manni sem framdi skemmdarverk á listaverki í safni nokkru.

Á Íslandi þurfa hvorki söfn né veitingastaðir að safna upplýsingum um gesti sína heldur er þeim öllum safnað við landamærin. Persónuverndarfulltrúi Embættis landlæknis, Hólmur Örn Finnsson, segir í samtali við Fréttablaðið að upplýsingarnar séu aðeins notaðar í tengslum við skimun og smitrakningu. Hann segir að upplýsingarnar séu geymdar í söttvagnrunni hjá Embætti landlæknis og söttvarnalæknis.

„Þar getum aðeins við tengt einstaklinga og sýnin þeirra. Þannig að



Allir þeir sem koma til landsins þurfa að veita ýmsar persónuupplýsingar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

» Á Íslandi þurfa hvorki söfn né veitingastaðir að safna upplýsingum um gesti sína, þeim er öllum safnað við landamærin.

þegar tilraunastofur greina sýnin þá senda þær niðurstöðurnar til okkar og við tengjum saman einstakling og niðurstöðu,“ segir hann.

„Ef sýnið reynist jákvætt eru upplýsingarnar af eyðublaðinu náttúrulega sendar til rakningarteymisins svo að það geti fylgt viðkomandi einstaklingi eftir,“ segir Hólmur. og bætir við að lögreglan geti ekki notað eyðublaðið við rannsóknir á sakamálum.

Hann segir að embættið myndi ekki veita lögreglu heimild til að nálgast upplýsingarnar ef sóst yrði eftir og bendir á að vissar reglur gildi um öflun upplýsinga í sakamálum. Lögreglan gæti þannig fengið dómsúrskurð til að nálgast ýmislegt. – okp



Lítið var um að vera í húsnæði Dale Carnegie-námskeiða Leiðtogaþjálfunar við Ármúla 11 í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Synjað um styrk vegna lokunar Dale Carnegie

Félag atvinnurekenda segir að falli ríkisskattstjóri ekki frá þröngri túlkun á lögum um lokunarstyrki vegna COVID-19 verði Alþingi að breyta lögnum. Félagið rekur mál Dale Carnegie sem fær ekki styrk vegna lokunar í mars.

STJÓRNSÝSLA Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, FA, segir mikilvægt að stjórnvöld skýri hvernig koma eigi til móts við fyrirtæki sem neyðast til að hætta eða takmarka starfsemi sína í núverandi bylgju kórónaveirufaraldursins.

Félag atvinnurekenda beitir sér nú fyrir hönd Leiðtogaþjálfunar ehf., sem starfrækir hin þekktu Dale Carnegie-námskeið og ríkisskattstjóri hefur synjað um að fá styrk vegna tímabundinnar lokunar í mars í ljósi COVID-19.

„Á námskeiðum okkar eru æfingar sem kalla á nánd. Okkur var því nauðugur einn kostur að loka starfsemi okkar,“ segir í styrkumsögn Leiðtogaþjálfunar. Þar kemur fram að algengasti fjöldi á námskeiði sé 30-35 manns. Sagði að tekjurnar í apríl hefðu dregist saman um 84 prósent frá því í apríl í fyrra.

Skatturinn óskaði eftir því 23. júní að Leiðtogaþjálfun sendi inn rökstuðning fyrir því að starfsemi fyrirtækisins uppfyllti auglýstar kröfur fyrir lokunarstyrk. Félag atvinnurekenda svaraði fyrir hönd Leiðtogaþjálfunar 10. júlí. Kom þar fram að vinsælustu Dale Carnegie-námskeiðin snúist um sjálfsrækt þar sem þátttakendur kafi inn á við til að yfirstiga persónulegar hindranir.

„Í tímunum fara fram samtöl við þátttakendur sem yfirgefa tímann oft í geðshræringu og þurfa huggun sem ekki er hægt að veita úr fjarlægð. Í þeirri viðleitni að fá þátttakendur til að stíga út fyrir þægindahringinn eru enn fremur notaðar sveigjanleikaæfingar. Æfingum fylgir snerting og hama-

Vegna fárra umsókna um lokunarstyrki er augljóslega svigrúm til að rýmka skilyrðin fyrir greiðslu þeirra.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA



gangur auk þess sem fólk svitnar og frussar,“ er staðan útskýrð.

Í bréfi FA segir enn fremur að þó að í auglýsingunni um lokunarstyrkina séu talin upp dæmi, geti sú upptalning ekki talist tæmandi. Leiðtogaþjálfun telji að starfsemin falli undir þá málsgrein auglýsingarinnar sem taki til starfsemi og þjónustu sem krefjist og skapi hættu á snertingu milli fólks og mikillar nálægðar. Leiðtogaþjálfun hafi ekki talið sér annað fært en að loka vegna mikillar nándar og að ófært hafi verið að tryggja tvo metra milli manna á námskeiðunum.

„Vill félagið í þessu sambandi áretta mikilvægi þeirrar samfélagslegu ábyrgðar sem félagsmaður okkur hefur sýnt með því að loka starfsemi sinni á grundvelli fyrrgreindra sjónarmiða með það að markmiði að draga úr útbreiðslu veirunnar,“ er undirstrikað í bréfi FA.

Ríkisskattstjóri synjaði umókn Leiðtogaþjálfunar 23. júlí. Uppfylla þurfi öll sett skilyrði til þess að eiga rétt á lokunarstyrk og það geri Leiðtogaþjálfun ekki. Fyrirtækið

falli undir það ákvæði sem feli í sér fjölda- og nálægðartakmarkanir en þar sem hægt sé „að viðhalda starfsemi í einhverri mynd og laga að hertum söttvörnum“, eins og segir í synjunarbréfinu.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA, segir niðurstöðuna í máli Leiðtogaþjálfunar mikið umhugsunarefni og kveður von á kæru til yfirsattanefndar. Fyrirtækinu hafi augljóslega verið lokað vegna fyrirmæla stjórnvalda í aðurnefndri auglýsingu. Mikill ábyrgðarluti hefði verið að halda rekstrinum áfram.

„Ef Skatturinn heldur sig við þrönga túlkun á lögnum um stuðning við minni rekstraraðila, þarf Alþingi að endurskoða löginn þannig að þau nái með skýrum hætti yfir öll fyrirtæki, sem sannarlega neyddust til að hætta rekstri vegna fyrirmæla stjórnvalda. Vegna fárra umsókna um lokunarstyrki er augljóslega svigrúm til að rýmka skilyrðin fyrir greiðslu þeirra,“ bendir Ólafur á.

Að sögn Ólafs hefur FA kallað eftir því að stjórnvöld greini hið fyrsta frá því hvort og þá hvernig þau hyggt koma til móts við fyrirtæki sem neyðist til að hætta starfsemi eða takmarka hana nú þegar önnur bylgja faraldursins sé hafin.

„Það er mikilvægt að þá sé réttarstaðan á hreinu, því að skýrar línur um stuðning við fyrirtæki styðja þá við aðgerðir almannavarna og heilbrigðisyfirvalda og auðvelda fyrirtækjum að sýna samfélagslega ábyrgð og gripa til ráðstafana til að hefta útbreiðslu kórónuveirunnar,“ segir framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda. gar@frettabladid.is

Mikill munur á frjókornum norðan- og sunnanlands

NÁTTÚRA Frjósmælingar Náttúrufræðistofnunar Íslands sýna að umtalsverður munur var á Norðurlandi og Suðurlandi í júlí. En eins og áður hefur komið fram var júlímánuður afar kaldur, um 1,3 gráðum undir tíu ára meðaltali í Reykjavík og einnig undir meðaltali á Akureyri.

Kuldinn virðist ekki hafa haft

» Aðeins 511 frjó mældust á hvern rúmmetra á Akureyri en meðaltalið er 916.

áhrif til lækkunar sunnanlands en í mælingastöðinni í Garðabæ mældust 1.149 frjó á hvern rúmmetra en þar er meðaltalið í júlí 932. Á Akureyri mældust hins vegar aðeins 511

frjó á rúmmetra, sem er langt undir meðaltalinu undanfarin 20 ár, það er 916.

Meira en tveir þriðju frjókorna á báðum stöðum voru grasfrjó en einnig var nokkuð af súrufrjóum. Samkvæmt Náttúrufræðistofnun má áfram búast við grasfrjóum í lofti í ágúst ef veðurskilyrði verða hagstæð. – khg

KRONAN

Vingardíum ... CHILI-SÓSA!

TÖFRABRAGU
CHILISÓSA
SNILLD Á FRANSKARNAR

Fáðu töfra innblástur á kronan.is/töfrar

Afgreiðslutímar á www.kronan.is



ALVÖRU

SUMARÚTSALA

10-50%
afsláttur

20%
afsláttur



Lavor HPC Galaxy 150

Orka Max: 2100W
Þrýstingur Max: 150 bör
Vatnsflæði Max: 450 l/klst

17.592

Áður 21.990 kr.

23%
afsláttur



Joker 1400W
Ryk-/blautsuga

9.995

Áður 12.995 kr.

Veglegur
aukahluta-
pakki fylgir.

Kaliber ferðagasgrill

21.735

Áður 28.980 kr.

Kaliber
PREMIUM GRILL



25%
afsláttur

2 brennarar (5kW)
Grillflötur 53x37cm
Grillgrind úr pottstáli
Þrýstijafnari fylgir

50%
afsláttur



Sláttuorfi Mow FBC310

21.739

Áður 28.985 kr.

Sláttuorfi:
1 cylinder
loftkældur
mótor. 0,7 kW
Rúmtak 31CC,
Stærð bensíntanks 0,65 L

DELTA GRAY TRENTO
Vatnsheild úlpa

6.995

Áður kr. 13.990

40%
afsláttur



LuTool
stein/við/járn
sög 600W

9.951

Áður 16.585 kr.

30%
afsláttur



Guoren-BO Hitastýrt
sturtutæki með niðurstút

9.793

Áður 13.990 kr.

50%
afsláttur



Delta GRAY ANZIO SWEAT
JACKET

4.495

Áður kr. 8.990

BoZZ sturtusett
með hitastýrðum
blöndunartækjum

18.668

Áður 24.890 kr.

25%
afsláttur



25%
afsláttur

33.739

Áður 44.985 kr.

MOWER CJ18

BS 3,5hp Briggs&Stratton
mótor, rúmtak 125 CC,
skurðarvídd 46cm/18".
Safnpoki að aftan 60 L,
skurðhæð og staða
25-80mm/10

30%
afsláttur



Gólfmálning - Grágrænn 3 L

3.777

Áður 5.395 kr.

MIKIÐ ÚRVAL
AF PARKETI OG
FLÍSUM MEÐ
20-50%
AFSLÆTTI



Flísar

Gólf- og veggflísar
verð frá 954 kr./m²



Harðparket

8mm verð frá 1.183 kr/m² (AC4)
12mm verð frá 1.868 kr/m² (AC5)



40%
afsláttur

Wineo vínýl parketi m/áföstu undirlagi

2.994 kr./m²

Áður 4.990 kr.

Ódýrasta vínýlparket
með undirlagi á Íslandi!

BRIGGS & STRATTON

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		

Fyrirvari um prentvillur.
Tilboðin gilda í öllum verslunum
Múrbúðarinnar. Takmarkað magn
af sumum vörum.

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!



Paul Ryan og Donald Trump settu lög til að draga úr heilbrigðislöggjöf Baracks Obama. MYND/GETTY

Íhaldssöm löggjöf stýttir ævilengd

BANDARÍKIN Ný rannsókn fræðimanna úr sex bandarískum háskólum sýnir að löggjöf í íhaldssömum fylkjum Bandaríkjanna hafi lækkad meðalævilengd í landinu sem heild. Ástæða rannsóknarinnar var það áfall sem Bandaríkjamenn fengu árið 2014 þegar meðalævilengd lækkaði í fyrsta sinn. Meðalævilengd hefur nánast staðið í stað undanfarin ár og þrátt fyrir hækkun undanfarin tvö ár er hún enn þá lægri en árið 2013, eða 78,93 ár.

Helstu þættir löggjafar sem eru taldir hafa áhrif á meðalævilengd eru reglur um aðgengi að heilbrigðisþjónustu, tobaksnotkun, skotvopn, útblástur, lágmarkslaun, orlof og hvíldartíma, þungunarrof og ýmis önnur heilbrigðis- og félagsleg mál.

» Íbúar Hawaii lifa 7,5 árum lengur en íbúar Vestur-Virginíu.

Í rannsókninni kemur fram að niðursveiflan hófst á níunda áratugnum þegar fylkin fóru að verða ólíkari. Íhaldssamari löggjöf var sett í mörgum ríkjum, sér í lagi í Suðurríkjunum og miðvestrinu á meðan austur- og vesturströndin urðu frjálslýndari.

Kalifornía færðist hraðast í átt til frjálslýndis og þar er meðalævin nú næstlengst í landinu, á eftir Hawaii, og þar hefur hún lengst mjög hratt undanfarin ár. Oklahoma er það fylki sem hefur færst hvað hraðast í átt til íhaldssemi og vermir eitt af neðstu sætunum ásamt fylkjum á borð við Arkansas, Kentucky og Vestur-Virginíu, þar sem meðalævilengd lækkar skarpast. Munurinn á hæsta og lægsta fylkinu er 7,5 ár.

Fræðimennirnir komast að þeirri niðurstöðu að ef öll Bandaríkin hefðu fylgt sömu stefnu og til dæmis Kalifornía og Hawaii væri meðalævilengd hvers Bandaríkjamanns mun hærri. Þessi fylki eru á pari við Kanada, Svíþjóð og Ísland á meðan Vestur-Virginía er fyrir neðan Túnis, Hondúras og Víetnam á listanum. Bandaríkin eru í dag í 38. sæti heimslistans, mitt á milli Líbanons og Kúbu. – **khg**

Áhyggjur af menntun barna

MENNTUN Antonio Guterres, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, segir COVID-19 faraldurinn hafa valdið stærstu spjöllum á menntamálum í sögunni. En alls eru skólar lokaðir í 160 löndum og 100 lönd hafa ekki tilkynnt opnun þeirra í haust.

„Þetta eru hamfarir heillar kynslóðar sem gætu eytt ómældum möguleikum fólks, grafið undan áratuga uppbyggingu og aukið ójöfnuð,“ sagði Guterres í myndbandsávarpi. Einnig að þær ákvarðanir sem leiðtogar heimsins þyrftu að taka myndu hafa áhrif á hundruð milljóna barna og þar af leiðandi framtíð landanna.

Opnun skólanna, þegar aðstæður leyfa, ætti að vera algert forgangsmál samkvæmt Guterres og fjármagn yrði að fylgja með. – **khg**

Minntust fórnarlambanna í Hírósíma



Lítill stúlka fylgist með kertalugt á floti í Hírósíma í Japan í gær. Þess var minnst að 75 ár eru frá því að Bandaríkjamenn vörpuðu kjarnorkusprengju á borgina. Minningarstundin var lágstemmd vegna kórónaveirufaraldursins. Um 70 þúsund létust samstundis í sprengingunni og þúsundir í kjölfarið. Þremur dögum síðar var kjarnorkusprengju varpað á Nagasaki og lauk þá heimsstyrjöldinni með uppgjöf Japana. MYND/GETTY

Furstadæmið Hutt River lagt niður eftir hálfrar aldar sögu

Furstadæmið Hutt River í vesturhluta Ástralíu hefur verið lagt niður. Uppgefin ástæða eru erfiðleikar vegna COVID-19 faraldursins en í raun knésetti 50 ára skattaskuld fríríkið og prins þess Graeme I. Hutt River átti sér skrautlega sögu og lýsti meðal annars yfir stríði gegn Ástralíu sem ekki var svarað.

ÁSTRALÍA Sögu furstadæmisins Hutt River er lokið eftir 50 ár, í kjölfar þess að Graeme I prins tilkynnti að fríríkið myndi ganga inn í Ástralíu á nýjan leik. Uppgefin ástæða eru erfiðleikar vegna COVID-19 faraldursins en raunveruleg ástæða er sennilega stór uppsöfnuð skattaskuld.

Fríríkið var stofnað árið 1970 þegar bóndinn Leonard Casley, sem átti stóra landareign á vesturströnd Ástralíu, varð ósáttur við skattheimtu og kvótasetningu á hveiti og vildi skilja við land sitt. Fékk hann fjóra aðra landeigendur á svæðinu, sem voru í sömu stöðu, til þess að ganga til liðs við sig.

Taldi Casley sig vera í fullum rétti til að segja sig úr lögum við ástralska ríkið en vildi þó ekki skilja við þjóðhöfðingja sinn, Elísabetu II drottningu. Þó að Casley hefði sagt sig úr lögum við Ástralíu gengu málaferli fram og til baka gagnvart fylkinu Vestur-Ástralíu. Yfirlýsingum hans um stofnun ríkisins og fullveldi þess var iðulega ekki svarað.

Á áttunda áratugnum fór Casley að titla sig Leonard prins og jafnvel hans hátígn Leonard prins I af Hutt. Hann virti reglur um hveitiframleiðslu að vettugi og seldi það sem hann vildi og skatta greiddi hann ekki. Árið 1977 var hann dæmdur fyrir skattsvik og í kjölfarið lýsti hann yfir stríði gegn Ástralíu. Ástralir tóku þetta hins vegar ekki alvarlega og sendu ekki hermenn á bugarðana.

Næstu áratugir liðu með nokkurn veginn sama hætti, málaferli um skatta og skyldur og krafan um sjálfstæði var ekki tekin alvarlega. Engar aðrar þjóðir viðurkenndu furstadæmið heldur þó að það hefði sína eigin höfuðborg, mynt, lög, vegabréf og fleira sem sjálfstæðar þjóðir hafa.

Með tímanum varð Hutt River



Leonard I prins og prinsessa hans Shirley í hásetum sínum. MYND/GETTY

» Furstadæmið Hutt River mun ekki halda áfram á svo erfiðum tímum, sem aðrir eru einnig að glíma við.

Graeme I prins

þó vinsæll ferðamannastaður og Casley-fjölskyldan hafði þó nokkrar tekjur af því. Íbúar Hutt River voru aðeins á þriðja tug en ferðamenn gátu auðveldlega fengið vegabréf og orðið ríkisborgarar. Samkvæmt

opinberum tölum var heildarfjöldi borgaranna um 14 þúsund.

Casley gerði tilraunir til þess að lokka fyrirtæki til landsins líkt og skattaparadísir Karíbahafsins. Í Hutt River væri aðeins 0,5 prósent skattur. Honum varð þó ekki kápan úr því klæðinu því að ástralska stjórnin varaði fyrirtæki við því að slíkar skráningar yrðu ólöglegar.


Árið 2017 lét Leonard Casley loks af stjórn furstadæmisins og sonur hans, Graeme, tók við. En hann tók ekki aðeins við heilu landi heldur einnig hundraða milljóna króna skattaskuld. Árið 2019 lést Leonard og aðeins nokkrum mánuðum síðar

var tilkynnt að landamærunum yrði lokað og að fríríkið myndi fara í ótímabundið hlé.

Á mánudag var loks tilkynnt að fríríkið yrði leyst upp og landareignir seldar til þess að gera upp við ástralska ríkið. „Furstadæmið Hutt River mun ekki halda áfram á svo erfiðum tímum, sem aðrir eru einnig að glíma við,“ sagði prinsinn.

Hutt River er langt frá því að vera eina óviðurkennda örríki heimsins. Kristjánía í Kaupmannahöfn er Íslendingum vel kunn, en einnig má nefna eyjuna Líberland á Dóná, Forvík á Hjaltlandseyjum og Uzupis í Líthæn. kristinnhaukur@frettabladid.is

NÚNA ER TÍMI FYRIR GÓÐA BÓK!



Hjartastaður
Verð: 3.999.-



Ættarfylgjan
Verð: 3.999.-



Hótel Aníta Ekberg
Verð: 3.999.-




Hálft hjarta
Verð: 3.999.-



Sumar í París
Verð: 3.999.-



Gegnum vötn, gegnum eld
Verð: 3.999.-



Tíbrá
Verð: 3.999.-



Aldrei nema kona
VILDARVERÐ: 5.299.-
Verð: 6.299.-



Snuðra og Tuðra - Fara í sund
Verð: 1.699.-



Handbók fyrir ofurhetjur 5
Verð: 3.699.-



Hundurinn með hattinn 2
Verð: 2.999.-



Sombína og sumarfríð við Myrkravatn
Verð: 3.899.-



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd


Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 31. ágúst eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Eyðileggingin eftir sprenginguna í Beirút, höfuðborg Líbanons, er gríðarleg og er talið að efnahagsleg áhrif hennar á landið geti numið 10-15 milljörðum Bandaríkjadala. MYND/GETTY

Mikil reiði ríkir í Beirút

Almenningur í Beirút kennir spilltum stjórnvöldum í Líbanon um sprenginguna sem varð í borginni á þriðjudag. Forseti Frakklands heimsótti Beirút í gær og hét því að hjálpa við uppbyggingu.

LÍBANON Íbúar í Beirút eru reiðir ríkisstjórn landsins og segja vanrækslu ástæðu sprengingarinnar sem varð í borginni síðastliðinn þriðjudag. Í það minnsta 145 manns létust í sprengingunni og um fimm þúsund eru slösuð. Fjöldi fólks er enn saknað.

Sprengingin varð þegar eldur kom að gríðarlegu magni af ammóníumnítrati sem geymt var á hafnarsvæði borgarinnar. Forseti Líbanons, Michael Aoun, hefur gefið út að 2.750 tonn af efniinu hafi verið geymd í vöruhúsi við höfnina og að húsneðið hafi ekki verið öruggt.

Almenningur kennir spilltum stjórnvöldum um sprenginguna og segir yfirvöld hafa vitað af efniinu í ótryggu húsneðinu án þess að bregðast við. Daginn eftir sprenginguna tilkynnti ríkisstjórn Líbanons að fjöldi hafnarfulltrúa á svæðinu hefði verið settur í stofufangelsi þar til rannsókn á sprengingunni hæfist. Haft var eftir varnarmálaráði landsins að þeir sem ábyrgir væru fyrir sprengingunni myndu hljóta hörðustu refsingu.

Bæði Amnesty International og samtökin Human Right Watch (HRW) hafa kallað eftir sjálfstæðri rannsókn á sprengingunni. Í yfir-

lýsingu frá HRW lýsa samtökin yfir „verulegum áhyggjum af getu líbanska dómssvaldsins til að framkvæma trúverðuga og gegnsæja rannsókn á eigin vegum“.

Forseti Frakklands, Emmanuel Macron, heimsótti Beirút í gær, fyrstur þjóðarleiðtoga, en Líbanon var frönsk nýlenda fyrir seinni heimsstyrjöldina og náð samband er milli ríkjanna tveggja. Almenningur í Beirút flyktist að Macron í gær þar sem hann gekk um götur borgarinnar og kallaði að honum kröfur um hjálp og fordæmingu líbanskra stjórnsvalda.

„Hjálpaðu okkur, þú ert okkar eina von,“ kallaði íbúi borgarinnar að franska forsetanum samkvæmt fréttastofu BBC og annar biðlaði til hans að færa „spilltum stjórnvöldum landsins ekki peninga heldur hjálpa fólkinu sem býr í landinu“.

Macron hét því að hjálpa til við skipulagningu alþjóðlegrar aðstoðar en sagði að stjórnvöld í Líbanon yrðu að hrinda í framkvæmd efnahagsumbótum og uppræta spillingu. Afar bágð efnahagsástand var í Líbanon fyrir sprenginguna og eru efnahagsleg áhrif hennar talin geta numið 10-15 milljörðum Bandaríkjadala.

birnadrofn@frettabladid.is



Fjöldmörg hús í Beirút eru ónýt eftir sprenginguna og um 300 þúsund manns eru heimilislaus. MYND/GETTY



Slökkviliðsmenn leita enn í rústunum í Beirút en fjöldi fólks er enn saknað eftir sprenginguna. MYND/EPA



Mikill og þykkur reykur myndaðist á hafnarsvæðinu á þriðjudaginn þegar sprengingin varð. MYND/GETTY



Almenningur í Beirút flyktist á götur borgarinnar í gær og mótmælti spillingu í ríkisstjórn Líbanon. MYND/GETTY



Emmanuel Macron, forseti Frakklands, var í fylgd vopnaðra varða þegar hann gekk um götur Beirút í gær. MYND/EPA



Fjöldi fólks hlaut læknisaðstoð í tjöldum viðs vegar um borgina en rúmlega 5.000 eru særð.



Almenningur flyktist að Macron í gær og krafðist þess að hann veitti íbúum hjálparhönd.

SKOÐUN

Óvinurinn



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Það er fallett þegar stjórnmálamenn hrósa þeim sem eiga að teljast keppinautar eða andstæðingar þeirra í stjórnmálum. Það lýsir ekki bara örlæti heldur líka getu til að koma sér upp úr þeim pólitísku skotgröfum sem stjórnmálin eru svo óþægilega full af.

Guðmundur Andri Thorsson, þingmaður Samfylkingarinnar, hrósaði á dögunum þingmönnum Pirata og sagði þá búa yfir ýmsum góðum kostum en tók um leið fram að hann deildi ekki öllu í sýn þeirra.

Engin ástæða er til að fólk sé stöðugt að deila sömu sýn. Sá sem ætlast til þess er fastur í þröngsýni. Hann þykist vita hvað er rétt og satt og leyfir ekki frávík frá því. Það er fátíðlegt að dæma fólk eftir stjórnmálaskoðunum þess, nema viðkomandi sé alræmdur fasisti sem ætíð gengur rangan veg.

Alltaf er nokkuð vandræðalegt að hlusta á stjórnmálamenn segja: Við Sjálfstæðismenn – Við í Samfylkingunni – Við Framsóknarmenn og svo framvegis. Það er dálítið eins og meðlimur í sértrúarflokki sé að tala. Einstaklingur sem aldrei lætur hvarfla að sér að efast um málstaðinn heldur fylgir fyrir fram gefinni línu af sannri sannfæringu. Það getur ekki verið hollt.

Það er ekkert óskaplega langt síðan þingmaður, gamall í hettunni, kvartaði undan því að andinn á Alþingi væri svo slæmur að ekki hvarflaði að þingmönnum að setjast til borðs í hádegishléi með pólitískum andstæðingum. Slíkt hefði hins vegar verið mikið sport á árum áður og úr hefðu orðið hinir liflegustu matmálistímar.

Flokkshollusta blindar fólk allt of oft. Sjálfstæðismenn froðufella margir hverjir í hvert sinn sem Dagur B. Eggertsson sést opinberlega, enda er hann í þeirra huga maðurinn sem hefur sett sér það markmið að eyðileggja Reykjavík, og vill auk þess draga þá út úr einkabílunum og henda þeim upp í strætó. Sem er fádæma ósvífið því allir vita að sómakær Sjálfstæðismaður getur alls ekki látið sjá sig í strætó.

Vinstri menn geta svo enn ekki á heilum sér tekið vegna tilveru Davíðs Oddssonar. Í hvert sinn sem ögrandi, hvöss og ósvifin nafnlaus skrif birtast í Morgunblaðinu, hvort sem um er að ræða Staksteina eða Reykjavíkurbref, þá hrynur taugakerfi þessa fólks. Eina ráð þess er að fara hamförum og fordæma skrifin, án þess að rýna í þau. Enda þarf þess ekki. Það liggur í hlutarins eðli að skoðanir sem þar eru settar fram hljóta að vera rangar af því að Davíð Oddsson getur ekki nokkurn tíma haft á réttu að standa.

Nú má vel vera að í einhverjum tilvikum hafi einhver annar en Davíð skrifað viðkomandi pistla og greinar, en að því er aldrei hugað – sem hlýtur að vera mjög frústrerandi fyrir þann sem skrifað hefur en fær aldrei kredit. Hann er orðinn Davíð Oddsson án þess að vera það. Mjög súrrealískt hlutskipti.

Hvernig væri nú að vinstri menn kæmu einn daginn duglega á óvart með því að hrósa Davíð Oddsyni? Eins og allir hlýtur hann stundum að hafa á réttu að standa. Varla er hann Óvinurinn sjálfur holdi klæddur. Eða hvað?

Halldór



Frá degi til dags

Af eða á

Það getur verið snúið að átta sig á ýmsu. Í gær var hér rætt um hitastigi í því sambandi. En það er fleira. Í gær sagði Þórólfur Guðnason frá því að Íslensk erfðagreining myndi skima á landamærunum á nýjan leik. Fyrir örfáum dögum var hér allt á öðrum endanum vegna þess að Íslensk erfðagreining væri að hætta að skima þar. Þrátt fyrir eftirgangsmuni var Kári Stefánsson óbifanlegur í þeirri afstöðu sinni að nú væri nóg komið og ÍE þyrfti að snúa sér að þeim verkefnum sem starfsemi þess byggir á. Við erum þakklát fyrir að Kári skimi á ný, en hefði ekki mátt spara sér þetta upphlaup?

Fámennissamgöngur

Í gær var tilkynnt um að frestur til að sækja um styrki til verkefna á sviði almenningssamgangna á grundvelli stefnumótandi byggðaaætlunar, eins og það er nefnt, hafi verið framlengdur fram í miðjan mánuð. Það er til mikils að vinna, heilar 32,5 milljónir. Nú ætti það að vera alkunna að nema kannski í allra stærstu sveitarfélögum, eru almenningssamgöngur á landsbyggðinni í skötulíki, út afsvolítlu. Það mun því líklega ekki breyta neinu þó frestur til að sækja um styrk til að fara sér að fjárhagslegum voða sé lengdur. Ísland er land einkabilsins.

Framtíðarborgin



Eyþór Arnalds
borgarfulltrúi
Sjálfstæðisflokks

Tuttugasta og fyrsta öldin er öld breytinga. Framtíð borga felst mikið í því að nýta nýja tækni og vera leiðandi í umbreytingum.

Á sama hátt og hrein hitaveitan tók við af mengandi kolakýndingu getur Reykjavík verið í fararbroddi við rafvæðingu bílaflotans. Þó eitthvað sé gert af hálfu borgarinnar er hægt að gera miklu betur í þeim efnum. Markaðurinn og almenningur eru á undan í þessari umbreytingu. Hér á borgin að stórbæta aðgengi almennings að rafhleðslu í fjölbyli. Þetta höfum við Sjálfstæðismenn lagt til í borgarstjórn. Loftgæðin eiga líka að vera betri. Talið er að um 80 ótímabær dauðsföll megi rekja til svifryksmengunar í Reykjavík. Hér þarf að snúa við blaðinu og bæta loftgæði með betra malbiki og hreinum orkugjöfum.

Íslensk fyrirtæki hafa verið framarlega í notkun Internetsins. Höfuðborgin er eftirbátur í þessum efnum en ekki leiðandi. Enn þarf að skila teikningum og skjölum á pappír inn í borgarkerfið sem svarar með bréfaþósti. Nú eða alls ekki. Nýlega sendi borgin áskorun á borgarbúa um að afþakka pappír. Áskorunin var send inn um allar lúgur. Á pappír. Í stað þess að falla á eigin prófi ætti borgin að auðvelda samskiptin við íbúa með skilvirkum hætti. Svára fyrirspurnum hratt og vel og afgreiða mál. Kostnaður í borgarkerfinu er gríðarlegur eins og það er í dag og eru mun fleiri starfsmenn á íbúa í stærsta sveitarfélaginu en nágrannasveitarfélögum. Viðbrögð fyrirtækja og skóla í COVID-19-faraldrinum sýna vel hvernig hægt er að auka skilvirkni. Tæknin eykur sveigjanleika, framleiðni og bætir þjónustu. Þrjár flugur í einu höggi.

Bylting er að eiga sér stað í samgöngumálum. Fjórða iðnbyltingin er ekki síst í sjálfkeyrandi farartækjum sem munu spara fjármuni og bjarga mannlífum. Hér á borgin að vera leiðandi. Merkingar verða að vera í lagi. Og svo er stórt tækifæri í að nútímavæða almenningssamgöngur. Sjálfvirkir strætisvagnar geta bætt þjónustuna mikið, enda er kostnaður við slík kerfi mun lægri. Í stað þess að veðja á linulegar lausnir er framtíðin fölginn í snjóllum og persónumiðuðum lausnum. Þar á Reykjavík að vera í fararbroddi.

Hvernig væri nú að vinstri menn kæmu einn daginn duglega á óvart með því að hrósa Davíð Oddsyni?

K371 sófi

Fáanlegt í leðri og tauáklæði, margir litir
3ja sæta 2ja sæta og stólar



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Opíð virka daga
11-18
laugardaga
11-15

Grímulaust

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Einhverjir undarlegustu pólitísku flokkadrættir sem um getur hafa átt sér stað víða um jarðir að undanfögnu, og þó einkum í Bandaríkjunum. Vírus herjar. Sóttvarnasérfræðingar mæla með varúðarráðstöfunum. Á meðal þeirra er notkun á andlitsgrímum. Og þótt fyrst um sinn hafi vafi leikið á hvort grímurnar væru nauðsynlegar eða ekki, þá hefur vitneskjan safnast upp og þær þykja nú óyggjandi þarfaþing í kringumstæðum þar sem ekki er hægt að halda fjarlægð við annað fólk. Grímurnar geta komið í veg fyrir smit, sem er mikilvægt.

Til eru sem sagt hópar fólks sem hafa linnulaust þráast við að bera grímur. Grímur eru álitnar aðför að einstaklingsfrelsi, jafnvel tjáningarfrelsi og fyrr segist fólk vilja dauðt liggja – í bókstaflegri merkingu – heldur en að bera grímu. Í Bandaríkjunum höfum við orðið vitni að því hvernig gríma hefur orðið í huga kjósenda Donalds Trump að einhvers konar tákni fyrir demókrata, hræðslu þeirra og pólitíska rétthugsun, á meðan grímuleysi hefur orðið vitnisburður frelsis og stólst þess sem ekkert hræðist, lætur ekkert stöðva sig og segir það sem hann vill.

Furðulegar skotgrafir

Ekki er öll vitleysan eins, hugsar maður. Hver hefði getað séð fyrir að hægt yrði að gera grímunotkun í heimsfaraldri að pólitískum skot-

gröfum? Það væri ekki hægt að ljúga þessu. Þótt sumir hafi þráast við að nota bilbelti hér á árum áður, og yfirgripsmikil þvermóðska hafi gripið um sig meðal einstaka bílstjóra, þá varð bilbeltanotkun ekki pólitísk hér á landi né annars staðar. Það væri sambærilegt dæmi og andlitsgrímur. Íslendingar gegn bilbeltum varð blessunarlega ekki að hreyfingu hér á landi, né heldur er hreyfing Íslendinga gegn grímum að ná nokkru flugi.

Sem betur fer er Ísland þannig samfélag að við virðumst hlusta á þekkingu og vísindi og við virðumst upp til hópa reiðubúin að förna ýmsum þægindum, áformum og daglegum hefðum með það að markmiði að sigrast sem heild á aðsteðjandi vö. Við virðumst reiðubúin að láta skynsemi ráða í veigamiklum málum þegar á hólminn er komið.

Íslensk dæmi

Að því sögðu verður þó að viðurkennast að stundum klórar maður sér í höfðinu yfir umræðunni hér á landi. Yfirvegúnin er ekki allsráðandi. Í íslensku samfélagi glittir í alls konar tilhneiningar sem bera keim af álíka fásinnu og við verðum nú vitni að í Bandaríkjunum. Rauði þráðurinn er þessi: Ég er miðja heimsins. Ég ætla ekki að láta aðra skerða mitt svigrúm í samfélaginu og ég ætla ekki að breyta minni hegðun í þágu annarra og/eða heildarinnar.

Á höfuðborgarsvæðinu berjast yfirvöld í samstarfi við ríkið fyrir því

að byggðar verði upp almennings-samgöngur. Það er alveg ljóst í hvað stefnir. Borgin mun kafa í bilum ef ekkert verður að gert. Fjölga þarf valkostum í samgöngum og það þarf að hafa þá valkosti umhverfissvæna. Maður hefði haldið að þetta ætti að vera sjálfsagt. En sú er ekki raunin. Andstaðan við Borgarlínu er fáránlega hatrömm. Ein leið til að fatta hvaðan svona tilfinningaþrungin andstaða kemur er að horfa á hana í samhengi við bandarísku grímuandstöðuna. Hópur fólks telur að sér og frelsi sínu vegið ef akreinum verður bætt við fyrir vagna sem flytja fjölda fólks á milli staða, en ekki fyrir bílana þeirra. Og strætó, þar að auki, er fyrir pólitískt rétthugsandi vinstralið. Ófgahægríð freistar þess hér að gera öflugar almennings-samgöngur, eins sjálfsagðar og lífsnauðsynlegar og þær eru í borgarsamfélagi, að pólitísku bitbeini. Strætó er okkar gríma.

Áhyggjurnar af rétthugsun

Og hvað á maður að kalla það þegar ríkur hvítur flokksleiðtogi í fjölmenningarsamfélaginu Garðabæ ákveður á tímum heimsfaraldurs og fordæmalausra efnahagserfiðleika að verja tíma sínum í það að skrifa heilsíðugrein um að réttindabarátta blökkufólks í Bandaríkjunum sé enn eitt dæmið um mjög íþyngjandi, að hans viti, pólitískan rétttrúnað? Hvað eigum við að kalla það þegar svo átakanlegur skortur á samhygð og hæfileikanum til þess að hugsa um



Þótt sumir hafi þráast við að nota bilbelti hér á árum áður, og yfirgripsmikil þvermóðska hafi gripið um sig meðal einstaka bílstjóra, þá varð bilbeltanotkun ekki pólitísk hér á landi né annars staðar. Það væri sambærilegt dæmi og andlitsgrímur.

samfélagið sem heild, eða setja sig í spor annarra, leiðir fólk út í slíkan móða að það skrifar greinar sem endurspeglar fyrst og síðast áhyggjur þess af því að það sjálft, í óumdeilanlegri forréttindastöðu sinni, megi ekki lengur segja það sem því sýnist um annað fólk, eða haga sér eins og því sýnist í kringum það? Þessi ótti við það að breyta þurfi samfélagi í þágu annarra. Hvað eigum við að kalla hann? Að breyta þurfi hegðun, taka strætó, bera grímu?

Sem sagt. Þetta: Ég er allt. Gæta þarf að því að mér líði vel, í fordómum mínum, tali mínu og úreltum háttum. Aðrir geta étíð það sem úti frýs.

Hvað eigum við að kalla svona hugsunarhátt? Í samræmi við tímana: Grímulaust kjaftæði.

Stolt í hverju skrefi

Ásgeir Helgi Magnússon
Elisabet Thoroddsen
Helga Haraldsdóttir
Lilja Ósk Magnúsdóttir
Ragnar Veigar Guðmundsson
Ragnhildur Sverrisdóttir
Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson
Stjórn Hinsegin daga 2020

Við fögnum hverju skrefi, sem tekið hefur verið í átt að bættum réttindum hinsegin fólks. Hverju einasta skrefi fylgir stolt yfir árangrinum sem náðst hefur í baráttunni fyrir réttinum til að elska, réttinum til að lifa samkvæmt eigin kynvitund, réttinum til að vera til, réttinum til að fá að vera við sjálf, án áreitissamfélagsins. Heimsfaraldur, sem setur strik í Hinsegin daga í ár, fær engu um þetta breytt.

Á fjórða tug mismunandi viðburða voru skipulagðir á vegum Hinsegin daga í ár, jafnt fræðsluer-

indi sem skemmtanir af ýmsum toga. Yfirlit yfir þá viðburði sýnir, að réttindabarátta okkar og sýnileiki snertir flest svið mannlífsins. Við höfðum hugsað okkur að halda glæsilega opnunaráhitið, þar sem hinsegin listamenn kæmu fram og rifjað yrði rækilega upp hvers vegna Hinsegin dagar eiga enn brýnt erindi.

Auðvitað ætluðum við að halda sögunni til haga með leiðsögn um helstu staði, sem snerta réttindabaráttu okkar mest. Hommar þriggja kynslóða ætluðu að setjast niður, segja sögur og bera saman bækur sínar og hinsegin konur ætluðu að styrkja tengslin. Fyrirlestrar voru fyrirhugaðir um trans-málefni og íslenskan feminisma, hinsegin á landsbyggðinni, ástandið í Póllandi, liðan hinsegin barna í skólum, #blacklivesmatter og hinsegin kynheilbrigði. Hinsegin fjölskyldur ætluðu að halda Regn-



Verum #hinseginheima og #stoltihverjuskefi.

bogahátíð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

Hinsegin dagar hafa lengi staðið fyrir Hýrum húslestrum og lýst eftir frumsömdum ljóðum í hinsegin samfélaginu. Þátttakan í ár var meiri en nokkru sinni fyrr og við ætlum að halda því til streitu að velja úr þeim aragrúa ljóða og krýna sigurvegara, þótt síðar verði. Ýmsir aðrir menningarviðburðir voru á dagskrá, t.d.

tónleikar þar sem efnið var hinseginleikinn á óperusviðinu. Hinsegin kórinn flytur okkur vonandi uppáhalds lögin sín síðar og dragrevían Endurminningar Valkyrju bíður líka betri tíma.

Okkar eigin Gleðigöngur

Enn er fjölmargt ótalið. Við vitum að flestir munu sakna Gleðigöngunnar mest. Hún gefur hinsegin fólki færi á sýnileika, samheldni, baráttu og gleði og þangað kemur almenningur til gleðjast með okkur yfir þeim árangri sem hefur náðst og heita okkur stuðningi í áframhaldandi réttindabaráttu.

En þótt engin verði Gleðigangan í ár er ástæðulaust að hengja haus og sleppa því að halda upp á Hinsegin daga. Við hvetjum alla til að skreyta með fánum og glimmeri, hjálpa okkur að minna á að hver og einn á kröfu á fullum mannréttindum og að samfélagið allt verður

betra ef við stöndum saman á jafnréttisgrundvelli.

Farið endilega í ykkar eigin Gleðigöngu á morgun! Það þarf ekki meira til en að ganga nokkurn spöl með systkinum, maka eða börnum, hitta skólafélaga á röltinu, taka regnbogafána – eða hvaða annan hinsegin fána sem er – með upp á Esjuna eða Úlfarsfell, setja hann út í glugga, flagga honum á bílnum og setja þannig okkar eigin lit á heiminn. Verum #hinseginheima og #stoltihverjuskefi.

Setjumst svo við RÚV annað kvöld, þar sem landslið hinsegin listamanna skemmtir okkur og á sunnudagskvöld verður sýnd ný heimildarmynd um Gleðigönguna, í tilefni 20 ára afmælis hennar.

Gleðigangan snýr aftur, en núna förum við okkar eigin leiðir, í smærri, sjálfsprottnum hópum, gætum að smitvörnum en erum alltaf glöð, alltaf stolt.

JUVENTUS vs LYON

FÖSTUDAG 18:50

SPORT

Tryggðu þér áskrift í dag á stod2.is



Axel Bóasson, þrefaldur Íslands-meistari, er skammt frá toppnum.

Átján ára leiðir Íslandsmótið

GOLF Íslandsmótið í golfi hófst í gær á Hlíðavelli hjá Golfklúbbi Mosfellsbæjar en þetta er í fyrsta sinn sem Íslandsmótið fer fram á vellinum. Haukur Örn Birgisson, forseti Golf-sambands Íslands, setti mótið með stuttu ávarpi áður en þeir Örn Höskuldsson og Georg Tryggvason, stofnendur Golfklúbbsins Kjarar og heiðursfélagar Golfklúbbs Mosfellsbæjar, slógu fyrstu högginn ásamt bæjarstjóra Mosfellsbæjar, Haraldi Sverrissyni.

Hinn 18 ára gamli Tómas Eiríksson Hjaltsted úr GR og Aron Snær Júlíusson úr GKG fóru hringinn á 69 höggum og eru efstir eftir fyrsta dag.

Axel Bóasson, þrefaldur Íslands-meistari úr Keili, er tveimur höggum á eftir tvímenningunum. – **bb**



Anelka og Domenech. MYND/GETTY

Anelka opnar sig um HM 2010

FÓTBOLTI Heimildarmyndin Anelka Misunderstood var frumsýnd í gær á Netflix. Þar ræðir Nicolas Anelka um sinn skrautlega feril og ræðir meðal annars hversu lítill hann hafi verið í sér þegar 20 leikmenn Real Madrid buðu hann alls ekki velkominn í liðið þegar hann samdi við stórveldið frá Arsenal. Þá opnar hann sig um atvikið þegar hann var sendur heim frá HM árið 2010 og verkfallið sem franska liðið fór í. Raymond Domenech, landsliðsþjálfari Frakka, sendi Anelka heim eftir tap gegn Mexíkó. Það var hans síðasti landsleikur. Hann fékk 18 leikja bann fyrir sinn þátt í uppreisninni gegn landsliðsþjálfaranum. – **bb**

Fylgst með öllum íslenskum úrslitum vegna veðmálasíðna

Veðjað hefur verið um íslenskan fótbolta fyrir hartnær 300 milljónir króna frá 12. júní á einni af fjölmörgum vefsíðum sem bjóða upp á leiki í íslenska boltanum. Fjórða deildin er næststærsta deildin þegar kemur að upphæðum en tvisvar sinnum meira var veðjað á leiki þar en í deildunum fyrir ofan.

FÓTBOLTI Heildarvelta í veðmálum um íslenska fótboltann hjá Coolbet var nærri 300 milljónir króna frá 12. júní og fram að COVID-hléi númer tvö. Um 87 milljónir runnu á leiki í efstu deild en fjórða deildin er næststærst og fær 54 milljónir, sem er tvisvar sinnum meira en fyrsta, önnur og þriðja deild.

Jafn miklu er veðjað á leiki í efstu deild kvenna og þriðju deild karla, eða 21 milljón. Vefsíðan er aðeins ein af mörgum sem bjóða upp á veðmál um íslenska leiki en dæmi eru um að hægt sé að veðja á leiki í yngri flokkunum.

Þorvaldur Ingimundarson, heilindafulltrúi KSÍ, segir að upphæðirnar séu verulegar og vefsíðurnar séu margar sem bjóða upp á leiki í íslenska boltanum. „Við fylgjumst vel með, og í gegnum UEFA og að vissu leyti FIFA líka sem vakta leiki og flagga ef eitthvað óeðlilegt á sér stað,“ segir hann. Sé óeðlilega mikið veðjað á leiki, eða mjög óeðlileg úrslit eiga sér stað er sá leikur flaggaður og hann skoðaður. KSÍ hefur reglugerðir og önnur úrræði til að gripa þá inn í.

„Það sem er erfiðara að fylgjast með er þetta svokallaða In play betting eða veðjað í beinni. Það er erfiðara að bregðast við því. Allt í einu sjást svakalegar hækkanir á stuðlum ef það er verið að veðja á einstaka atburði og það er hlutur sem er erfitt að bregðast við fyrir fram eða meðan á leik stendur heldur þarf þá að rannsaka eftir á.“

Fjölmargir leikir yngri flokka á Íslandi eru í boði á erlendum vefsíðum og hægt að veðja á leiki þeirra. Þjálfarar þurftu að breyta vinnulagi sínu fyrir nokkrum árum og tilkynna liðið ekki lengur daginn fyrir leik heldur aðeins skömmu fyrir leik. Það var gert vegna áreitis frá veðmálaspilurum til leikmanna í gegnum samfélagsmiðla. Ekki aðeins frá erlendum aðilum heldur einnig íslenskum. Dæmi eru um að 200 ókunnugir hafi mætt á leik í 2. flokki því sá leikur var á veðmálasíðu og stór hluti annars liðsins var í æfingaferð með meistara-flokknum.

„Það var og er kannski enn hægt að kaupa sér aðgang að innherjasíð-



Það er vinsælt að veðja á leiki Kórdrengja í 2. deildinni samkvæmt tölum frá Coolbet. Heildarvelta á íslenska leiki, bara á þeirri síðu, nemur um 300 milljónum. KSÍ fylgist vel með og það gera UEFA og FIFA einnig. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Það er ekkert endilega verið að hagræða úrslitum þar sem er verið að veðja. En það er alveg öruggt að þar sem er verið að hagræða úrslitum – þar er verið að veðja. En það er ekkert endilega samasemmerki á milli.

Þorvaldur Ingimundarson, heilindafulltrúi KSÍ

um sem eiga að veita innherjaupplýsingar. Við höfum heyrt minna af því en undanfarin ár því þjálfarar breyttu vinnulagi sínu til að verja leikmenn sína,“ segir Þorvaldur.

Um 87 milljónir runnu á leiki í

efstu deild en fjórða deildin er næststærst hjá Coolbet og fær 54 milljónir, sem er tvisvar sinnum meira en fyrsta, önnur og þriðja deild. Jafn miklu er veðjað á leiki í efstu deild kvenna og þriðju deild karla, eða 21 milljón. „Fjórða deildin gæti skýrst af því að þar eru spilaðir margir leikir. Það gæti verið ein skýringin.

Það er ekkert endilega verið að hagræða úrslitum þar sem er verið að veðja. En það er alveg öruggt að þar sem er verið að hagræða úrslitum – þar er verið að veðja. En það er ekkert endilega samasemmerki á milli.“

Hann segir að ekki hafi komið upp að leikir hér á landi hafi verið flaggaðir fyrirfram. Knattspyrnan á Íslandi sé enn talin mjög heiðarleg. Það hafa þó komið upp nokkrar athugasemdir eftir nokkra leiki. Frægasta dæmið er trúlega víður-eign Leiknis og KR í Reykjavíkurmótinu sem Leiknir vann 5-1. Fimm

sinnnum meira var veðjað á leikinn en fyrri leik kvöldsins í mótinu.

KR var að spila daginn áður í öðru móti og var að prófa leikmann. Spilaði þar með sitt besta lið en í Reykjavíkurmótinu sendi liðið annan flokk til leiks. Þetta vissi íslenski knattspyrnuheimurinn. Þann leik flaggaði FIFA og fékk KSÍ spurningar um leikinn sem sambandið gat svarað skilmerkilega. „Stuðlarnir geta riðlast við svona fréttir,“ segir Þorvaldur.

Hann segir að sér finnist veðmál vera að aukast. Það sé hans tilfinning frekar en hitt. „Íslenski boltinn hefur það orðspor á sér að vera heiðarlegur og veðmálasíðurnar vilja vera með þannig leiki hjá sér. Sumartímabil hefur líka áhrif. Ég veit ekki hvort það er aukning í veðmálum út af COVID. Það á eftir að koma í ljós þegar sviðsmyndin verður lesin eftir á.“

benediktboas@frettabladid.is

Svandís Svavarsdóttir hefur framtíð fótboltans í höndum sér

FÓTBOLTI Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur fengið inn á borð til sín beiðni um undanþágu til að hægt sé að halda áfram Íslandsmótinu í fótbolta. Þetta kom fram á upplýsingafundi almanna-varna í gær.

Rögnvaldur Ólafsson aðstoðaryfirlögregluþjónn tók við spurningu um framtíð fótoltans og hvort hann yrði spilaður um helgina.

„Það er búið að senda inn beiðni, til heilbrigðisyrivalda um tillögu hvernig er hægt að gera þetta og er hún til umsagnar þar,“ sagði Rögnvaldur. Ekkert hefur verið spilað í íslenska boltanum síðan 30. júlí eftir að reglur voru hertar.

Guðni Bergsson, formaður KSÍ, fundaði með félögum í efstu deild



Leikir gætu farið fram fyrir luktum dyrum. FRÉTTABLAÐID/VALLI

» Fram kom á fundi sem Guðni Bergsson, formaður sambandsins, átti með félögum í Pepsi Max-deildinni í gær hafði KSÍ ekki fengið svar frá sóttvarnalækni um hvort leyflegt væri að hefja leik í íslenska fótboltanum á ný.

í hádeginu í gær þar sem hann tilkynnti að sambandið hefði ekki fengið svar um hvort leyflegt væri að hefja leik að nýju. Forsvarsmenn þeirra neðrideildarliða sem Fréttablaðið ræddi við í

gær óttast að forgangurinn verði settur á efstu deild karla og reynt að klára hana með ráðum og dád en minni áhersla lögð á neðri deildirnar. Knappur tími er til stefnu og töluvert í húfi fyrir þau lið sem eru að fara í Evrópukeppnina. UEFA hefur gefið það út að komist lið ekki á leikstað vegna ferðatakmarkana eða reglna um sóttkví verði þeim vísað úr keppni. KR, Breiðablik, FH og Víkingur eru fulltrúar Íslands í Evrópu þetta árið.

UEFA hélt samráðsfund með framkvæmdastjórum knattspyrnusambanda í Evrópu í gær þar sem farið var yfir stöðu mála eins og hún er með tilliti til Evrópukeppna félagsliða og landsleikja í öllum aldursflokkum, segir á vefsíðu KSÍ. – **bb**



FÖSTUDAGUR 7. ÁGÚST 2020

Lífsstíll



Það hefur verið nóg um að vera undanfarna mánuði hjá Aðalbirni Tryggvasyni, söngvara Sólstafa. Hann varð pabbi í apríl, hefur verið í dagvinnu við smíðar og aukavinnu við að talsetja teiknimyndir, ásamt því að undirbúa útgáfu sjöundu breiðskífu Sólstafa, sem kemur út í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Smíðar á daginn og galdrar á kvöldin

Aðalbjörn Tryggvason, söngvari Sólstafa, varð pabbi í vor og ver nú mest-öllum tíma sínum með dóttur sinni og í skrifstofuvinnu fyrir sveitina til að undirbúa sjöundu breiðskífuna, Endless Twilight of Codependent Love. ➔2

Sofðu rótt





Aðalbjörn segir að nýja platan hafi verið í vinnslu í um eitt og hálf ár og hann sé mjög sáttur við hana. Fyrsta lagið er komið út og heitir Akkeri, en það er von á tveimur öðrum smáskífum fyrir útgáfu plötunnar.

Oddur Freyr Þorsteinsson

oddurfreyr@frettabladid.is



Framhald af forsiðu ➔

Hljómsveitin Sólstafir tilkynnti nýverið útgáfu nýrrar plötu, sem ber heitið Endless Twilight of Codependent Love og kemur út 6. nóvember. Aðalbjörn Tryggvason, söngvari Sólstafa, segir að platan hafi verið í vinnslu í um eitt og hálf ár og það hafi hist vel á fyrir sveitina að meðlimir hennar hafi verið uppteknir við plötugerð og barneignir á meðan heimsfaraldurinn stendur yfir. Hann segir að það skemmtilegasta við að vera í hljómsveit sé að vita aldrei hvað kemur út úr því að hittast og töfra eitthvað fram með félögum.

Aðalbjörn býr einn í miðbæ Reykjavíkur, en hann er nýbakaður faðir og barnsmóðir hans býr annars staðar með barni þeirra og syni sínum. „Ég eyði miklum tíma með þeim og undanfarið hef ég verið í dagvinnu við að smíða, þannig að ég hef mætt í vinnu sjö á morgnana, fer svo og eyði tíma með stelpunni og kem heim um tíu á kvöldin,“ segir hann.

Aðalbjörn talar líka inn á teiknimyndirnar Bubbi byggir og Sammi brunavörður. „Það er skemmtilegt aukastarf en þetta er erfiðara en maður heldur,“ segir hann. „Ég er til dæmis að talsetja með Ladda og Steini Ármanni og þeir eru svo mikil „legend“ að maður á aldrei séns í að vera eins góður.

En ég er kominn í frí frá smíðavinnunni og er farinn að sinna Sólstöfum. Nú hefst kynningarstarfið fyrir plötuna og í næstu viku er ég að fara í þrjú til fjögur viðtöl á dag. Þó að platan komi ekki út fyrr en í nóvember þá er líka alls konar vinna sem fylgir því að gefa út smáskíurnar og við þurfum að græja ólíkar útgáfur af plötunni og plötuumslög fyrir þær. Platan kemur út á geisladisk, vínýl, kassettu og í svaka finum kassa úr svörtu leðurmixuðu flaueli. Síðasta plata, Berdreyminn, var gefin út í trékassa og við höfum gert alls konar, klakabox, fána og ég veit ekki hvað. Þannig að ég er í



Það er aldrei neitt planað þegar við semjum. Við hittumst bara til að fara að gera plötu og sjáum hvað gerist.

skrifstofuhljómsveitarvinnu, sem ég skráði mig nú reyndar aldrei í,“ segir Aðalbjörn léttur.

Þyngri áhrif laumast inn

Aðalbjörn hlustar minna á tónlist í frítímanum en áður. „Eftir að ég varð flakkandi tónlistarmaður sem spilar kannski á 200 tónleikum á einu ári hefur þetta minnkað. Ef ég er heima hlusta ég á dót eins og Thin Lizzy, Neil Young og Townes Van Zandt, en þegar ég fer í ræktina tek ég oft einhverja plötu fyrir. Til dæmis gamlar dauðarokksplötur sem ég hef ekki hlustað á lengi eða einhverja nýja svartmálmsplötu,“ segir hann. „Ég er líka með annað verkefni, sem er Crust punk-hljómsveit og hef verið í miklum rannsóknnum fyrir það í eitt til tvö ár.

Eftir að hafa gert svona þunga Crust punk-plötu og öskrað aðeins meira laumaðist smá af þeim filing á nýju Sólstafaplötuna, það er meira um öskur en hefur verið á síðustu þremur plötum.

Nýjasta plata Sólstafa heitir Endless Twilight of Codependent Love og hún kemur út 6. nóvember næstkomandi.

fullir á Grand Rokk tvisvar á ári.

Þannig að þetta er svona tvískipt.“

Hann segir að í gamla daga hafi verið mikið fylleri í kringum hljómsveitina, en nú drekkur bara einn í sveitinni og það mjög hóflega. „Þetta er allt annað. Við vorum komnir út á hálán ís þegar brennivínsneyslan var sem öfga-fyllst. Þetta var eins og að eiga þrjár eiginkonur sem eru dauðadrukknar og að rifast á hverjum degi. Það nennir því enginn.“

Eins og Ísland í stríðinu

Aðalbjörn segir að Sólstafir hafi verið heppnir í heimsfaraldrinum. „Við erum svolítið eins og Ísland í seinni heimsstyrjöld, það eru margir sem hafa það slæmt, en ekki við. Við vorum búnir að ákveða að nota tímann í plötugerð og barneignir og það hægðist á öllu,“ segir hann. „Ég eignaðist barn í apríl og Hallgrímur trommari eignaðist son í byrjun júlí, þannig að við þurfum ekki að aflýsa neinum tónleikum, þó að tónlistarhátíðum sem við áttum að spila á hafi reyndar verið aflýst.

Það hefði komið tónleikaferðalag núna í haust, en það er allt lokað og það þýðir ekkert að æsa sig yfir því,“ segir Aðalbjörn. „Það er kaldhæðnislegt að þetta var svona vel tímasett, þetta hefði getað verið miklu verra. En það var auðvitað skritið að eignast barn í miðjum heimsfaraldrinum og það var leiðinlegt að það mátti enginn fara á spítalann. En við getum ekki kvartað.“

Ekkert eitt lag sem lýsir plötunni

„Það er eitt og hálf ár síðan við byrjuðum að semja nýju plötuna, en langmest gerðist síðustu fjóra mánuðina,“ segir Aðalbjörn. „Ég er mjög sáttur við hana. Það eru mörg góð lög á henni og þau er mismunandi, það er ekkert eitt lag sem lýsir henni.

Það er aldrei neitt planað þegar við semjum. Við hittumst bara til að fara að gera plötu og sjáum hvað gerist. Einn daginn kemur einhver með hugmynd og svo verður það eitthvað gott. Þetta er kannski það skemmtilegasta við að vera í hljómsveit, einhvers konar töfrar eiga sér stað þegar þú ert að galdra

með vinum þínum. Þú veist ekkert hvað kemur.“

Fyrsta lagið af nýju plötunni er komið út og heitir Akkeri. Von er á tveimur öðrum smáskífum fyrir útgáfu plötunnar. „Þetta er fyrsta lagið á plötunni og ef það er nógu sterkt til að opna plötuna er það nógu sterkt til að vera fyrsta smáskífan,“ segir Aðalbjörn. Hann segir að nokkur lög á plötunni hafi verið í upphaldi hjá sér, en lagið Rökkur standi líklega upp úr. „Það er mjög öðruvísi, smá Nick Cave-filingur í því. Ég get hlustað á þetta núna, en svo get ég ekki hlustað á þetta núna, en svo get ég ekki hlustað á tónlistina okkar þegar við erum búnir að fara með hana á tónleikaferðalag. Þetta skemmist eiginlega, á skritinn hátt. Þegar ég er búinn að spila eitthvað 700 sinnum tengi ég bara við „live“ útgáfuna, en ekki útgáfuna sem er á plötunni.“

Kunna lögin ekki

Aðalbjörn er ekki viss hvernig kynningarstarfinu fyrir nýju plötuna verður háttað. „Við höldum stutt streymi fyrir blaðamenn um daginn sem gekk ágætlega, en við þurfum líka að læra að spila plötuna áður en við getum haldið tónleika. Við kunnum ekki lögin á þessari plötu,“ segir hann. „Við semjum svo mikið svo hratt og það gerist mikið í einu. En svo tókum við eitt lag fyrir í einu og lærum það. Það hefur alltaf verið þannig. Ef við ætlum að fara að kynna þetta lærum við eitt eða tvö lög og skellum svo gömlum slögurum með. Kannski gerist það á næstunni, annars biður þetta bara til næsta árs.

Það er mikið talað um það í tónleikaheiminum hvort heimurinn verði tilbúinn fyrir stórar tónlistarhátíðir næsta sumar. En fólk heldur í vonina,“ segir Aðalbjörn. „Þegar allt opnar aftur verður flóð. Það verða allir staðir bókaðir alla daga og samkeppnin verður svo hörð að það verður ringulreið, því fólk á ekki endalausa peninga til að ferðast og fara á tónleika.

Svo er líka spurning hvaða hátíðir og tónleikastaðir lifa þetta af, það er mikil óvissa,“ segir Aðalbjörn. „En ekkert er ómissandi. Ef Wacken fer á hausinn kemur bara Spracken árið eftir. Kirkjugarðarnir eru nú yfirfullir af ómissandi fólki.“

NÝ SENDING VAR AÐ KOMA Í CURVY

Mikið úrval í stærðum 14-28 eða 42-56

Sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is
eða komdu í verslun Curvy
í Hreyfilshúsinu við Grensásveg

Curvy



Blússa
6.490 kr
Stærðir 14-26



Úlpa
9.990 kr
Stærðir 14-26



Peysa
7.990 kr
Stærðir 14-28



Gallakjöll
9.990 kr
Stærðir 14-26



skyrtu-Kjöll
9.990 kr
Stærðir 16-28



Buxur
7.990 kr
Stærðir 14-26

Bílar & Farartæki

Bátar

MARÁS

TOHATSU
UTANBORDSMÓTORAR



JAPÖNSK
GÆÐI!

Léttir Fyrirferðalítill Hljóðlátir Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hð

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningabjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun -
Bónleysing Flutningsþrif - Þrif
eftir iðnaðarmenn thvegillinn.
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir
menn.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj.
Mikaelis. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Rúnar múrari

Múrari tekur að sér
tröppuviðgerðir
sem og allt almennt
viðhald fasteigna.
s. 780 2838.

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Lausir timar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti.
Straumblik ehf. Lóggiltur
Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

HUMARSALAN



Humar, Ferskur Lax, Risarækjur
og fleira góðgæti úr hafinu.
Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR
Í SJÁVARFANGI. WWW.
HUMARSALAN.IS S. 867 6677

Heilsa

Nudd



Human touch
is the loving remedy
for body & soul

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra
með Tantra nuddi. Einstæð upplifun
fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301
www.tantrateemple.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is

 **HAGVANGUR**



Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum
lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

**HAFÐU FJÖLPÓSTINN
ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU**

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar
blaðið er opnað!

93.000 Íslendingar lesa Fréttablaðið
daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma **550 5050**
eða sendu tölvupóst á **orn@frettabladid.is**.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



FRÉTTABLAÐIÐ - MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

ÚTSALAN ER HAFIN

ÚTSALA 20-70% AFSLÁTTUR

SÝNINGARRÚM

20-50%
AFSLÁTTUR

SÓFAR
20-70%
AFSLÁTTUR

HÆGINDA
STÓLAR

20%
AFSLÁTTUR

SÝNINGAR
HÚSGÖGN

20-50%
AFSLÁTTUR

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1727 Öræfajökull tekur að gjósa með miklu öskufalli svo vart sést munur dags og nætur.

1772 Útilegumennirnir Fjalla-Eyvindur Jónsson og Halla Jónsdóttir eru handtekin á Sprengisandi og flutt norður í Mývatnssveit.

1939 Haukur Einarsson syndir Grettissund frá Drangey til lands á mettima, þremur klukkustundum og tuttugu mínútum.

1945 Áfengisskömmtn er hætt á Íslandi eftir að hafa varað í fimm ár.

1947 Norðmaðurinn Thor Heyerdahl lýkur siglingu sinni yfir Kyrrahaf á flekanum Kon-Tiki.

1960 Vilhjálmur Einarsson bætir eigið Íslandsmet í þristökki frá því í Melbourne 1956 með því að stökkva 16,70 m á frjálsþrótta-móti í Reykjavík, það er næstlengsta stökk í heimi.

1980 Pólskir hafnar-verkamenn hefja röð verkfalla í slippnum í Gdansk undir forystu Lech Wałęsa.



Listakonurnar Rán Flygenring og Elin Elisabet Einarisdóttir með sýnishorn af varningi úr Nýlundabúðinni. MYNDIR/SEBASTIAN ZIEGLER

Nýlundabúðin opnuð í dag á Borgarfirði eystra

Nýlundabúðin er fyrsta lundabúð landsins sem umkringd er alvöru lundum. Hún er í Hafnarhólma á Borgarfirði eystra og verður formlega opnuð í dag klukkan 17 – þó ekki upp á gátt. Listakonurnar Elin Elisabet og Rán Flygenring eru við vörupróun á staðnum.

Sólin skín á okkur hér í Hafnarhólmanum þar sem við ætlum að vígja Nýlundabúðina í dag, föstudaginn 7. ágúst klukkan 17, en getum ekki haft hana galopna út af veirunni," segir Elin Elisabet Einarisdóttir listakona. Hún talar þar einnig fyrir munn samstarfskonunnar, Ránu Flygenring. Þær hafa unnið saman áður, undir merkjum Teikniþjónustunnar Jafnóðum, þar taka þær að sér hraðteikningu viðburða, fanga stemninguna og hengja myndirnar upp jafnharðan.

Nú eru þær staddar á Borgarfirði eystra og ætla að vera þar að minnsta kosti næstu tvær vikurnar, að sögn Elínar Elisabetar. „Það eru allir velkomnir á vígsluna í dag – á netinu. Við erum með virkan Instagram-reikning @nylundabudin þar sem hægt er að fylgjast með. Það verða ræðuhöld, klippt á borða, vettvangsferð og lundaskoðun fyrir alla fjölskylduna," lýsir hún en tekur fram að vörurnar í Nýlundabúðinni séu ekki til sölu svo hún sé ekki búð í algengasta skilningi þess orðs. „Við Rán erum í vörupróun og hér er það sem kallast ætti „opin vinnustofa“ en hún er lokuð vegna veirusmitvarna. Gestir mega ekki koma inn, einungis gægjast inn um gættina. Þetta er allt svolítið þversagnakennt hjá okkur.“

Elin Elisabet segir fólk hins vegar mega ganga óhindrað um Hafnarhólma. „Hér er mjög fin aðstæða til að skoða lundann áður en hann fer úr hólmanum, þetta eru síðustu dagarnir hans þetta árið. Við erum hér til staðar til að kveðja hann þegar hann er kominn með nóg af nálægðinni við manninn í bili og heldur til hafs. Við sjáum einn og einn koma enn þá og skottast ofan í holur með fisk í gogginum handa pysjunum sínum. Annars eru þeir á sjónum allt í kring um hólmann á daginn og setjast upp í hann á kvöldin. Í gær hellirignði og þá voru þeir allir í hólmanum en í blíðunni í dag (í gær) eru þeir allir úti. Pysjurnar



Þær eru ekki með nógu marga handleggi til að geta haldið á öllum stöfunum í einu.



Okkar ásetningur er sá að endurvekja fyrri ímynd lundans, því orðið lundabúð hefur fengið á sig neikvætt orðspor vegna minjagripasölnunnar. En lundinn er svo finnn fugl að hann á betra skilið.

eru áfram í holunum þó að foreldrarnir yfirgefi þær og þykist hafa lokið sínu uppeldishlutverki. Á endanum fattar pysjan að það er enginn að koma með mat handa henni og hún verður að græja hann sjálf. Það er bara harða leiðin. Eg hugsa að allir lundar séu með einhvers konar bernskuträma eftir þetta.“

Listakonurnar búa í sáttn og samlyndi

við lundann, að sögn Elínar Elisabetar. „Við fengum góðfúslegt leyfi hjá sveitarfélaginu og varðmanni hólmans, henni Helgu á Bakka, til að breyta fuglaskoðunarhúsinu í Nýlundabúð og ætlum að setja skilti á húsið þess efnis. Erum með faglegan heimamann í því og treystum honum fullkomlega.“

Sem dæmi um varning í Nýlundabúðinni nefnir Elin Elisabet póstkort, bæklinga, teikningar og stytur, já og trélunda til að hafa í garðinum hjá sér, „ef maður vill laða lundavarp í hann,“ eins og hún orðar það. „Svo er óljóst hvað verður um þessa vörupróun hjá okkur, það er enn bæði opið og lokað líka. Okkar ásetningur er sá að endurvekja fyrri ímynd lundans, því orðið lundabúð hefur fengið á sig neikvætt orðspor vegna minjagripasölnunnar. En lundinn er svo finnn fugl að hann á betra skilið. Hann er bara litill og nettur sjó-fugl sem hefur ekkert gert af sér. Við viljum hefja hann aftur til vegs og virðingar.“ gun@frettabladid.is



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

Héðins Jónassonar

málarameistara,
Hamratúni 3, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki lyflækningadeildar Sjúkrahússins á Akureyri, Fjölni Elvarssyni nýrnasérfræðingi og starfsfólki skilunardeildar Landspítalans.

Jóhanna Ósk Gunnarsdóttir

Hanna Björg Héðinsdóttir
Þórunn Sif Héðinsdóttir

Jónas Valdimarsson
Simon H.Z. Valdimarsson
og barnabörn.



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskulegu eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sigrúnar Erlu Helgadóttur

Vallarbraut 6, Reykjanesbæ,

sem lést 11. júlí. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki D-deildar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fyrir góða umönnun og hlýtt viðmót.

Ragnar Birkir Jónsson

Guðmundur K. Birkisson

Valgerður Hrefna Birkisdóttir

Helga Magnea Birkisdóttir

Erla Guðjónsdóttir

Eyjólfur Gísli Garðarsson

Ólafur J. Sólmundsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku hjartans gullið okkar, eiginmaður minn, sonur, tengdasonur, bróðir, faðir og afi,

Sverrir Þór Einarsson Skarpaas

(Sverrir Tattoo)

lést á Landspítalanum þann 26. júlí.

Útförin fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 10. ágúst klukkan 13.00. Athöfninni verður streymt á Facebook-síðu „Jarðarför Sverris Tattoo“.

Diljá Palmer

Gerd Skarpaas Einarsson

Einar Stefán Einarsson

Olafína I. Palmer

Stormur Þór Þorvarðarson
systkini, börn og barnabörn.

TAKK LJÓSAVINIR

Þið veitið krabbameinsgreindum ómetanlegan stuðning

ljosid.is



Nafn: Anna Guðrún Auðunsdóttir

Aldur: 49

Starf/nám: Viðskiptafræðingur í
Fjárhagsbókhaldi Landspítala

Hvernig myndir þú lýsa tilfinningunni þegar þú mætir í Ljósið: Mér fannst það skrítið fyrst en núna er það eins og að koma heim. Dásamlegt starfsfólk sem tekur alltaf vel á móti manni með brosi, hlýju og húmor. Ég er líka svo þakklát fyrir þennan vettvang til að hitta fólk í svipaðri stöðu og geta borið saman bækur um líðan og fengið góð ráð.

Hvernig fréttir þú af Ljósinu: Var bent á það af vinum og fjölskyldu.

Hver er upphalds dagskrárliðurinn þinn í Ljósinu: Það er tvennt sem stendur uppúr. Annars vegar námskeið fyrir nýgreindar konur þar sem ég eignaðist góðar vinkonur. Hins vegar hreyfingin, en ég er dugleg að mæta í tækjasalinn.

Nýtti einhver ástvinur sér þjónustu fyrir aðstandendur: Nei

Ljósavinir eru ómetanlegur þáttur í starfsemi Ljóssins. Með þínu framlagi geta nú yfir 500 ljósberar eins og **Anna Guðrún** notið endurhæfingar og stuðnings í hverjum mánuði. Það er ekkert sem býr mann undir að greinast með krabbamein en með þinni hjálp getum við boðið þeim sem greinast faglega endurhæfingu. Fyrir það erum við ævinlega þakklát.



VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Reykjavík

12°C

4

↓

Ísafjörður

6°C

4

↓

Akureyri

8°C

3

↓

Egilsstaðir

14°C

3

↑

Kirkjubæjarkl

13°C

5

→

Hveravellir

6°C

5

↓

Vestlæg eða breytileg átt 3-10 m/s í dag, en suðvestan 10-15 með suðausturströndinni. Væta með köflum en styttrir upp á Austfjörðum síðdegis. Hiti 8 til 14 stig.

Laugardagur

Reykjavík

11°C

3

↑

Ísafjörður

7°C

9

↗

Akureyri

12°C

3

↗

Egilsstaðir

15°C

4

↑

Kirkjubæjarkl

14°C

4

→

Hveravellir

7°C

5

↗

Sunnudagur

Reykjavík

13°C

6

↑

Ísafjörður

8°C

3

↖

Akureyri

12°C

2

↖

Egilsstaðir

12°C

5

↑

Kirkjubæjarkl

11°C

4

↖

Hveravellir

9°C

11

↑

LÉTT

		2	4	1			8	6
5			3	7	8		9	
4				9		7		
	4							8
		7	8			9		
		5					3	
	8	3	7				1	2
1		6	2	3	4		7	
2			1				6	

MIDLUNGS

				3		5	8	1
6			7					
8	4		9		2	3		
4				6		7	9	
			2		4		3	
9	1		4		2			
	8		4	6			9	
2	6							

PUNG

		7	9	6				5
	5						6	
3		4					8	
1	4						5	
							9	
	8		1		4			
	2					9		8
			7				1	3
3	1		5			2	7	

Krossgáta

LÁRÉTT

1. minnkuðu
5. þrá
6. komast
8. neitun
10. tveir eins
11. jafnvel
12. spil
13. hlunnindi
15. reiðtygi
17. kvk nafn

LÓÐRÉTT

1. fljótfer
2. himinn
3. þangað til
4. yndis
7. aldur
9. þjáður
12. torfa
14. höld
16. tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 hlupur, 5 von, 6 ná, 8 afsvær, 10 tt, 11 eða, 12 vís, 13 ítak, 15 söðul, 17 kalla.
LÓÐRÉTT: 1 hvatvís, 2 loft, 3 uns, 4 unaðs, 7 ára-tala, 9 veikur, 12 vaða, 14 tók, 16 ll.

Skák

Gunnar Björnsson

